25. Framlagt var brjef frá hjeraðslækni Fr. Zeuthen, dags. 2. júlí þ. á., þar sem hann óskar að sjer verði veittur 100 kr. styrkur af jafnaðarsjóði amtsins, til þess að sækja læknafund í Reykjavík 27. þ. m. Amtsráðið sá ekki fært að veita þenna styrk. 107

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var svo fundi slitið.

Páll Briem. Einar Jónsson. Sigurður Einarsson. Árni Kristjánsson.
Þorgr. Þórðarson.

Skrifstofu Austuramtsins 13. júlí 1896.
Páll Briem.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um bann gegn innflutningi á lifandi peningi til Bretlands.** — Samkvæmt tilkynningu frá utanríkisráðaneytinu hefur frumvarp til laga um bann gegn innflutningi lifandi penings (»the Contagious Diseases (Animals) Bill«) hinn 9. þ. m. verið samþykkt við 3. umræðu í efri málstofunni á Englandi með 82 atkvæða mun, og verður því að lögum, þegar frumvarpið hefur öðlazt undirskript drottningarinnar. Nefnt ráðaneyti getur þess um leið, að lögin eigi að öðlast gildi 1. janúar 1897, og hafi stjórnin sett það tímaákvæði í lögin vegna Íslands og Noregs, í viðurkenningarskyni fyrir það, að lönd þessi nú sem stendur sjeu laus við (alla) næma sjúkdóma, og til þess að gefa þeim ráðrúm til að leita úrræða gegn afleiðingum innflutningsbannsins. 109 27. júlí

Með skírskotun til fyrri brjefa ráðaneytisins snertandi málefni þetta, hið síðasta dagsett 17. f. m., er yður, herra landshöfðingi, þetta þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, um leið og yður skal falið að birta hið nauðsynlegasta í þessu efni á þann hátt, er yður þykir bezt henta.

Reikningur 110

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1895.

Tekjur:

		kr. a.	kr. a.
I.	Í sjóði við árslok 1894:		
	a. Í ógoldnum fyrirframborgunum frá 1885	81 97	
	b. Oborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu . .	217 10	
	c. Í peningum	1526 30	1825 37
II.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 20 aura á hvert gjaldskylt hundrað		2114 30
III.	Endurgoldnar fyrirframborganir:		
	Fyrir selda karbólsýru á Húsavík 95—$^{11}/_{16}$ telst hjer.		0 14
		Samtals kr.	3939 81

110

	Gjöld:	kr. a.	kr. a.
I.	Kostnaður við amtsráðið		802 00
II.	Til heilbrigðismála		150 50
III.	— menntamála:		
	a. Laugalandsskóla	50 00	
	b. Ytri-Eyjarskóla	100 00	
	c. Eiðaskólans	100 00	
	d. Bókasafns Austuramtsins	300 00	550 00
IV.	Til heyrnar- og málleysingja		404 47
V.	Vextir og afborgun af Skjálfandafljótsbrú		81 48
VI.	Kostnaður við fjárskoðanir		51 60
VII.	Ýmislegur kostnaður		18 67
VIII.	Ófáanlegar fyrirframborganir frá 1885		81 83
IX.	Til jafnaðar við tekjulið III		0 14
X.	Í sjóði við árslok:		
	a. Óborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu 1894	217 10	
	b. Sömuleiðis úr sömu sýslu 1895	6 50	
	c. Í peningum	1575 52	1799 12
		Samtals kr.	3939 81

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 20. jan. 1896.
Páll Briem.

Lausn frá sýslan.

27. ágúst var umboðsmanni Múlasýsluumboðs *Páli Ólafssyni* samkvæmt umsókn veitt lausn frá umboðsmennskunni frá næstkomandi áramótum að telja.

Veitt prestakall.

26. ágúst var presti að Brjámslæk *síra Þorvaldi Jakobssyni* af landshöfðingja veitt *Sauðlauksdalsprestakall* í Barðastrandarprófastsdæmi, frá fardögum 1896 að telja.

Óveitt prestakall.

Fjallaþing í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, Víðihóls og Möðrudalssóknir. Metið 836 kr. 39 a. Veitist frá næstu fardögum. Auglýst 20. ágúst. Umsóknarfrestur til 2. október.

Óveitt sýslan.

Sýslunin sem *umboðsmaður yfir Múlasýsluumboði* verður veitt frá næstkomandi áramótum, og eiga bónarbrjef umsækjanda að vera komin til landshöfðingja fyrir miðjan desember næstkomandi. Bónarbrjefin sendist amtmanninum í Norðuramtinu og Austuramtinu áleiðis til landshöfðingja.